



Til: Stjórnar SSH, Reykjavíkurborgar, Garðabæjar, Kópavogsbæjar og Vegagerðarinnar
Frá: Hrafnkatli Á. Proppé, svæðisskipulagsstjóra
Afrit: -
Mál: 1505001
Dags: 18. desember 2015
Efni: Ályktun um Heiðmerkurveg

Samráðshópur um vatnsvernd og vatnsnýtingu á höfuðborgarsvæðinu sem skipaður var í sumar boðaði lykilstarfsmenn sveitarfélaga, vatnsveitna og Vegagerðar til fundar um vegi á vatnsverndarsvæðum þann 11. desember 2015. Á fundinum var fjallað sérstaklega um Heiðmerkurveg.

Heiðmörk í landi Reykjavíkur og Garðabæjar er eitt að vinsælustu útivistarsvæðum landsins. Þangað koma árlega fjöldi fólks og flestir akandi inn á svæðið. Heiðmörk er ekki einungis vinsælt útivistarsvæði heldur meginvatnstökusvæði höfuðborgarsvæðisins þar sem nær allt neysluvatn höfuðborgarbúa er tekið. Svæðið nýtur verndar sem grannsvæði að mestum hluta en einnig brunnsvæði þar sem vatnstakan fer fram. Markmiðið er að vernda til framtíðar aðgengi að hreinu og ómeðhöndluðu grunnvatni til neyslu á höfuðborgarsvæðinu.

Um árábil hafa þeir sem koma að vatnstöku í Heiðmörk, heilbrigðiseftirlitin og vatnsveitur, haft áhyggjur af ástandi vega á svæðinu og óheftri almennt umferð um svæðið eins og fram hefur komið í umsögnum þessara aðila undanfarin ár. Fjöldi óhappa vegna vélknúinna ökutækja sem hafa lent utan vega með tilheyrandi ógn fyrir grunnvatnið hafa átt sér stað á svæðinu. Frá því að Vegagerðin ákvað, uppá sitt einsdæmi, að taka Heiðmerkurveg af þjóðvegaskrá árið 2007 hefur vegurinn verið munaðarlaus og illa viðhaldið. Viðhald og þjónusta vegarins er sama og engin og vegurinn þolir ekki núverandi umferð. Engar mengunarvarnir eru á vegum og slóðum í Heiðmörk í dag og liggur Heiðmerkurvegur m.a. upp við tvö brunnsvæði án slíkra varna. Ljóst er að meðan ástandið er svona verður að grípa strax til stýringar á umferð um svæðið til að fyrirbyggja mengunarslys.

Í samþykkt nr. 555/2015 um verndarsvæði vatnsbóla sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu kemur fram í gr. 17 að tryggja skuli fullnægjandi mótvægisáðgerðir vegna mengunarhættu. Í 21. gr. samþykktarinnar kemur m.a. fram að vegir sem ekki standast kröfur til öryggisþátta og mengunarvarna skuli veghaldari loka. Sé ekki veghaldari til staðar ber sveitarstjórn að loka vegi. Aðgengi þarf hinsvegar að vera tryggt í Heiðmörk vegna reksturs vatnsveitna, vegna öryggismála (lögregla, sjúkralið, slökkvilið og björgunarsveitir), starfsemi skógræktarinnar og að eigendur frístundahúsa komist að húsum sínum.

Fulltrúar Vegagerðarinnar hafa greint frá því að ein aðalástæða þess að Vegagerðin ákvað að taka Heiðmerkurveg af þjóðvegaskrá sé sú að ekki liggi ljóst fyrir hvert hlutverk þessa vegar á að vera. Gerð deiliskipulags Heiðmerkur í landi Reykjavíkur var langt komin en var lögð til hliðar. Vinna er í gangi við deiliskipulag Heiðmerkur í landi Garðabæjar og er tillaga í forkynningu þessa dagana. Ekki hefur verið mótuð sameiginleg sýn sveitarfélaganna sem eiga land í og við Heiðmörk þar sem m.a. hlutverk vega, aðkomuleiða og veghalds er skýrt.

Á fundi með hagsmunaaðilum frá sveitarfélögunum á höfuðborgarsvæðinu, haldinn þann 11. desember 2015 var góður samhljómur í fundarmönnum um að brýnt væri að bregðast strax við umferðarástandi í bráð og lengd. Samstarfshópi um vatnsvernd og vatnsnýtingu hjá SSH var falið að koma á framfæri niðurstöðu fundarins til stjórnar SSH og hlutaðeigandi sveitarfélaga.

Samráðshópur um vatnsvernd og vatnsnýtingu beinir því til Reykjavíkurborgar, Garðabæjar, Kópavogs og Vegagerðarinnar að samþykkja fyrir sitt leyti að sett verði upp hið fyrsta hlið og varúðarmerkingar við innkomuleiðir að Heiðmörk þannig að hægt sé að stýra almennt umferð ökutækja inn á vatnsverndarsvæðið frá öllum innkomuleiðum. Reykjavíkurborg, Garðabær og Kópavogur eru jafnframt hvött til að skoða hjá sér hönnun bílastæða/safnstaða við innkomuleiðir í Heiðmörk.

Reykjavíkurborg, Garðabær og Kópavogur eru hvött til að vinna samræmt skipulag Heiðmerkur. Brýnt er að hið fyrsta verði skorið úr um veghald í Heiðmörk.